

## **Aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks**

Ár 2020, þriðjudaginn 12. maí, var haldinn 12. fundur aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.04. Fundinn sátu: Þorkell Heiðarsson, Andri Valgeirsson, Ingólfur Már Magnússon, Lilja Sveinsdóttir, Björgvin Björgvinsson og Hanna Björk Kristinsdóttir. Fundinn sátu einnig Anna Kristinsdóttir, Bragi Bergsson, Þórdís Linda Guðmundsdóttir og Tómas Ingi Adolfsson, sem ritaði fundargerð. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Bergþór Heimir Þórðarson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson.

### **Þetta gerðist:**

1. Lagt er fram bréf til fagraða frá skrifstofu borgarstjórnar, dags. 29. apríl 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.
2. Fram fer umfjöllun um starfsemi velferðarsviðs síðustu vikur.
3. Fram fer umfjöllun um sérklefa í Árbæjarlaug og Vesturbæjarlaug.
4. Fram fer umfjöllun um Borgarvaktina.
- Kl. 14.05 víkja Þorkell Heiðarsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Egill Þór Jónsson af fundi.
5. Lagt er fram svar Gæða- og eftirlitsstofnunar, dags. 11. mars 2020, við fyrirspurn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 13. febrúar 2020, um umsagnarhlutverk notendaráða gagnvart starfsleyfisumsóknum.
6. Lagt er fram yfirlit mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 8.5.2020, yfir starfsleyfisumsóknir sem borist hafa til umsagnar notendaráðs. Notendaráð samþykkir þær umsóknir sem borist hafa án athugasemda. Samþykkt.

### **Fundi slitið kl. 14.17**

Björgvin Björgvinsson

Andri Valgeirsson  
Ingólfur Már Magnússon  
Hanna Björk Kristinsdóttir

Bergþór Heimir Þórðarson  
Lilja Sveinsdóttir